



24. apríl 2022
Tilv.: 2204101

Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingi
101 Reykjavík

Efni: Viðbrögð við spurningum fjárlaganefndar

Með bréfi dags. 13. apríl sl. óskaði fjárlaganefnd Alþingis svara Seðlabankans við tilteknum spurningum sem varða sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka hf., sjái bankinn sér fært að svara þeim. Annars vegar var óskað eftir því að fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands aflaði tiltekinna gagna hjá öllum fjármálastofnunum um fjárfesta sem tóku þátt í útboði á hlutabréfum í Íslandsbanka hf. og hins vegar að fjármálaeftirlit bankans veiti upplýsingar um hvort allir bjóðendur í nefndu útboði hafi uppfyllt skilyrði 13. tölul. 4. gr. eða 54. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga til að teljast fagfjárfestar.

Tilteknir þættir sem tengjast sölnunni á eignarhlut íslenska ríkisins í Íslandsbanka eru sem kunnugt er til athugunar hjá fjármálaeftirliti bankans og varða atriði sem eftirlit Seðlabankans nær til skv. lögum. Þeirri athugun er ekki lokið og telur Seðlabankinn af þeim sökum ekki unnt að veita umbeðnar upplýsingar enda kunna þær að tengjast einstökum þáttum athugunarinnar.

Til upplýsingar og skýringar á eftirlitshlutverki Seðlabanka Íslands í tengslum við útboð Bankasýslu ríkisins á hlutum í Íslandsbanka hf. fylgir bréfi þessu afrit af minnisblaði Seðlabanka Íslands dags. 10. apríl sl. sem tekið var saman að beiðni forsætisráðuneytisins. Í minnisblaðinu er farið yfir hlutverk Seðlabankans og möguleg sértæk eftirlitsverkefni vegna framangreindrar sölu þ.á m. tengd verðbréfamarkaðseftirliti, hæfi virkra eigenda og stjórnenda fjármálafyrirtækja og takmarkanir á lánveitingum við aðstæður sem þessar.

Seðlabanki Íslands er fús að veita nánari skýringar, verði þeirra óskað, eins og frekast er unnt í ljósi framangreinds.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Jónúsdóttir
frkvstj. skrifstofu bankastjóra

Ólafur Páll Ólafsson
lögfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fylgiskjal: Minnisblað Seðlabanka Íslands til forsætisráðuneytisins, dags. 22. apríl 2022


* Rafræn skilríki

Undirritað af: SÍ Rannveig Júníusdóttir

Kennitala: 0707814339

Tími: 24.04.2022 21:28

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með 

* Rafræn skilríki

Undirritað af: SÍ Ólafur Páll Ólafsson

Kennitala: 1601842139

Tími: 24.04.2022 21:39

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með 